

DV



SJÓNVARPIÐ

- 12.55 Táknafréttir.
- 13.00 Fréttir og veður.
- 13.15 Sirkus Merano. Mynd með fráberum atriðum úr sýningum hans heimsfræga fjölleikahúss. (Nordvision - Norska sjónvarpið).
- 13.40 Köturinn með höttinn. Bandarísk teiknimynd.
- 14.05 Antilópan snýr aftur. Bresk ævintýramynd.
- 15.00 Enska knattspyrman. Arsenal - Aston Villa. Bein útsending. Umsjón Bjarni Felixson.
- 16.50 Íþróttannaárið 1988. Umsjón Jón Óskar Sólnes og Bjarni Felixson.
- 17.50 Hlé.
- 20.00 Ávarp forsætisráðherra, Steingríms Hermannssonar.
- 20.20 Arið 1988. Svipmyndir af fréttænum atburðum innlendum og erlendum á árinu sem er að líða. Umsjón Helgi H. Jónsson og Jón Valfels.
- 21.35 Á því Hermanns ári. Hermann Gunnarsson og Elsa Lund lita yfir farinir veg og og skoða gamla „Á tali“ þætti og reyna af öllum mætti að fá einhverja til liðs við sig, s.s. Saxa lækni, Ómar Ragnarsson, Þóroð húsvörð og Bjarna íþróttafreitarara.
- 22.05 Söngvaseyðir - Áramótalög. Flytjendur Egill Ólafsson, Kristinn Hallsson, Kristján Jóhannsson, Kristinn Sigmundsson, Ragnhildur Gísladóttir og Sigrún Hjálmtýsdóttir. Stjórn upptöku Björn Emilsson.
- 22.40 Áramótakaup 1988. Umsjón og stjórn upptöku Gísli Snær Erlingsson.
- 23.35 Kveðja frá Ríkisútvarpinu. Umsjón Markús Örn Antonsson útvarpsstjóri.
- 0.15 Leikhúsbraskararnir. (The Producers) Bandarísk gamanmynd frá 1968. Leikstjóri Mel Brooks. Aðalhlutverk Zero Mostel, Gene Wilder og Kenneth Mars. Viðfræg gamanmynd um mann sem ætlar að græða á uppfærslu lélegs leikrits á Broadway. Þýðandi Ólóf Pétursdóttir. Áður á dagskrá 1977.
- 1.45 Dagskrárlok.



- 9.00 Með Alfa. Nú er Afi í sannkölluðu áramótaskapi, sprellar og leikur við hvern sinn fingur. Myndirnar sem Afi sýnir ykkur í dag eru Emma litla, Túni og Tella, Skófalíkið og nýju teiknimyndirnar Glóðalfarnir og Gæludýrin.
- 10.30 Denni dæmalausi. Teiknimynd með íslensku tali.
- 10.50 Eymalangi asninn Nestor. Teiknimynd með íslensku tali. Falleg saga um asnann Nestor sem verður að athlægi fyrir löngu eyrun sín. Eftir að hafa misst móður sína heldur hann suður á bóginn þar sem hann kynnist Maríu og Jósef og fer með þeim til Betlehem.
- 11.15 Ævintýraleikhúsið. Öskubuska. Leikin ævintýramynd úr smíðju Ævintýraleikhússins. Tilvalin mynd fyrir alla fjölskylduna. Sjón er sögu ríkari. Aðalhlutverk: Jennifer Beals, Matthew Broderick, Jean Stapleton og Eve Arden.
- 12.10 Íþróttannaárið. Fjallað um helstu íþróttavíburði ársins sem er að líða. Umsjónarmenn: Heimir Karlsson og Birgir Þór Bragason.
- 13.10 Gamlárskvöld. Uppþaka sem fram fór í Kristskirkju í fyrra. Kór og hljómsveit undir stjórn Guðna Guðmundssonar flytur nokkur jólalög.
- 13.15 Víkpitlurinn. Barna- og fjölskyldumynd sem segir frá ungum dreng frá Brooklyn sem gengur undir nafninu „Flamingo-strákurinn“. Myndin gerist sumarið 1963 en þá er strákurinn nýtskrifaður úr menntaskóla og hefur boðist spennandi starf á flamingoskemmtistað við ströndina. Ýmislegt óvænt drífur á daga stráksa en sjón er sögu ríkari. Fyrsta flokks gamanmynd. Aðalhlutverk: Matt Dillon, Richard Crenna, Hector Elizondo og Jessica Walter.
- 14.50 Tukiki og leitinn að jónum. Teiknimynd um lítinn eskimóadreng og vin hans, norðanvindinn, sem ferðast um heiminn á jólanótt.
- 15.15 Litla tréð. Teiknimynd.
- 15.45 Freedom Beat. Listamenn á borð við Sting, Sade, Maxi Priest, Peter Gabriel, Elvis Costello o.m.fl. koma fram í þessari upptöku af hljótleikum sem haldnir voru til þess að mótmæla aðskilnaðarstefnunni í Suður-Afríku.
- 17.00 Hlé.
- 20.00 Ávarp forsætisráðherra.
- 20.20 Laugardagur til lukku. Lokabátt-

- ur með sérstakri gamlárskvöldssveiflu. Fjörugur getraunaleikur sem unninn er í samvinnu við björgunarsveitirnar. Kynnir: Magnús Axelsson.
- 21.00 Spéspegill. Spitting Image. Háreitt kímni á alþjóðlegan mælikvarða. Átta ára seta Ronalds Reagan og samstarfsmanna hans eru bitbein bresku háðuglanna í þessum óþorganlega þætti.
- 21.55 Fjölleikasýning. Mjög þekktur alþjóðlegur sirkus sem unnið hefur til fjölda eftirsótttra verðlauna leikur listir sínar.
- 22.55 Bruce Springsteen - Born in the USA. Þáttur frá hljótleikum listamannsins sem haldnir voru víða um Bandaríkinn.
- 24.00 Ávarp sjónvarpsstjóra. Jón Ottar Ragnarsson sjónvarpsstjóri flytur áramótávarp.
- 24.20 Á nýársnótt. Nýr íslenskur skemmtiþáttur. Í þættinum koma fram ýmsir skemmtikraftar ásamt öðrum gestum. Af tillitsemi við áskrifendur mun þátturinn verða endursýndur eftir hádegi á nýársdag.
- 1.00 Hefnd busanna. Revenge of the Nerds. Sprenghlægileg unglingamynd sem segir frá fimm drengjum sem eru hornreka í skóla vegna útlits en hafa til að bera afburðagáfur. Mælimir þessa bræðralags eru, þrátt fyrir auma ásjúnd, vel á sig komnir líkamlega og ótrúlega illa innrættir. Þeir eru orðnir leiðir á aulafyndinni sem dynur yfir þá í skólanum og undirbúa heljarinnar uppreisn sem dregur dikl á eftir sér. Aðalhlutverk: Anthony Edwards, Robert Carradine og Curtis Armstrong.
- 2.30 Brubaker. Fangavörður nokkur hefur í hyggju að grafa undan misbeitingu og óréttlæti sem viðgengst í fangelsi nokkru í Suðurríkjum. Hann mætir ekki skilningi samstarfsmanna sinna en er hvergi bugaður. Myndin er byggð á sannsögulegum atburði og sýnir harðneskjuna sem þrífst innan fangelsismúranna. Aðalhlutverk: Robert Redford, Murray Hamilton og David Keeth.
- 4.40 Dagskrárlok.



- 7.00 Gamansmiðjan. Barnabáttur með teiknimyndum o.fl.
- 11.00 Niðurtalning. Vinsældalistarönn.
- 12.00 Poppónlist.
- 13.00 Poppþáttur. Kanadískur þáttur.
- 13.30 Ný tónlist. Tónlist og tiska.
- 14.30 Skídamót. Sýnt frá mótum í Frakklandi og Ítalíu.
- 15.30 Bilasport.
- 16.30 40 vinsælustu. Breski listinn.
- 17.30 Bláa þruman. Ævintýrasería.
- 18.30 Stóraldur. Framhaldsþættir úr villta vestrinu.
- 19.30 Fjölbragðaglímá.
- 20.30 Lögreglusaga. Sakamálaþáttur.
- 21.30 Íþróttir.
- 22.30 Rall. Paris-Dakar.
- 22.45 Tennis. Keppni atvinnumanna.
- 24.00 Klassísk tónlist.
- 0.55 Karnabal. Leiklist.
- 2.40 Bristol Balloon Fiesta. Tónlist og landslag.
- Fréttir og veður kl. 17.28, 18.28, 20.43 og 21.33.



Rás I FM 92,4/93,5

- 6.45 Veðurfreginir. Bæn, séra Gunnlaugur Garðarsson flytur.
- 7.00 Fréttir.
- 7.03 „Góðan dag, góðir hlustendur“. Pétur Pétursson sér um þáttinn. Fréttir sagðar kl. 8.00, þá lesin dagskrá og veðurfreginir sagðar kl. 8.15. Að þeim loknum heldur Pétur Pétursson áfram að kynna morgunlögin.
- 9.00 Fréttir. Tilkynningar.
- 9.05 Barnaútvarpið í árslok - Vinur minn í geimnum. Börn á Norðurlöndum velta fyrir sér spurningum um verur á öðrum hnöttum.
- 9.45 Þingmál. Umsjón: Arnar Páll Hauksson. (Endurtekinn þáttur frá föstudegi.)
- 10.00 Fréttir. Tilkynningar.
- 10.10 Veðurfreginir.
- 10.25 Sigildir morguntónar.
- 11.00 Tilkynningar.
- 11.05 Í líðinni viku. Atburðir vikunnar á innlendum og erlendum vettvangi vegnir og metnir. Umsjón: Páll Heiðar Jónsson.
- 12.00 Tilkynningar. Dagskrá.
- 12.20 Hádegisfréttir.
- 12.45 Veðurfreginir. Tilkynningar.
- 13.00 „Á álfum var þar nóg“. Tónlistarþáttur í umsjá Bergþóru Jónsdóttur.
- 14.00 Nýárskefjur.
- 16.00 Fréttir. Tilkynningar. Dagskrá.
- 16.15 Veðurfreginir.
- 16.20 Hvað gerðist á árinu? Fréttar-

- menn útvarpsins greina frá atburðum á innlendum og erlendum vettvangi 1988.
- 17.45 Hlé.
- 18.00 Aftansöngur í Dómkirkjunni í Reykjavík. Prestur: Séra Lárus Halldórsson. Organisti: Marteinn H. Friðriksson. Dómkórinn syngur.
- 19.00 Kvöldfréttir.
- 19.25 Þjóðlagakvöld. Einsöngvarakvartettinn syngur íslensk þjóðlög.
- 20.00 Ávarp forsætisráðherra, Steingríms Hermannssonar. (Samtengt útsendingu Sjónvarpsins.)
- 20.20 Lúðrasveit Reykjavíkur og Lúðrasveit Hafnarjarðar leika. Stjórnendur: Oddur Björnsson og Hans Ploder Franzson.
- 21.00 Nær dregur nýju ári. Kvöldskemmtun útvarpsins á gamlárskvöldi. Fjöldi gesta kemur í heim sókn og talað verður um áramótaskemmtanir fyrr og nú, í borg og bæ, hjá ungum og öldnum. Stjórnandi: Hanna G. Sigurðardóttir.
- 22.15 Veðurfreginir.
- 22.20 „Káta ekkjan“, óperetta eftir Franz Lehár. Elisabeth Schwarzkopf, Nicolai Gedda, Josef Knapp, Hanny Steffek, Kurt Equiluz, Eberhard Wächter og fleiri syngja með hljómsveitinni Filharmoníu í Lundúnum og Filharmoníukórnum; Lovro von Matacic stjórnar.
- 23.30 „Brennið þið vitar“. Karakórinn Fóstbræður og Sinfóníuhljómsveit Íslands flytja lag Páls Ísólfssonar við ljóð Davíðs Stefánssonar. Róbert A. Ottósson stjórnar.
- 23.35 Kveðja frá Ríkisútvarpinu. (Samtengt útsendingu Sjónvarpsins.)



- 0.05 „Nóttin er svo löng“ en útvarpsmenn gera ýmislegt til að stytta hana, þeir syngja og fara með gamanvísur, Örn Arnason og Jón Hjartarson leggja sitt til gleðinnar og erlendar útvarpsstöðvar senda hlustendum Ríkisútvarpsins nýárskefjur og leika fyrir þá vinsælustu dægurlögin í heiminum á nýliðnu ári. Umsjón: Jónas Jónsson.
- 2.00 Nýársnæturtonar. Tónlist af ýmsu tagi til kl. 9.00. Næturútlarp á samtengdum rásum til morguns.



- 8.10 Á nýjum degi. Þorbjörg Þórisdóttir gluggar í helgarblöðin og leikur íslensk lög.
- 10.05 Nú er lag. Gunnar Salvarsson leikur tónlist og kynnir dagskrá Útvarpsins og Sjónvarpsins um áramótin.
- 12.20 Hádegisfréttir.
- 12.45 Á síðasta degi ársins. Lisa Pálsdóttir, Pétur Grétarsson og Magnús Einarsson.
- 19.00 Kvöldfréttir.
- 19.25 Álfalög.
- 20.00 Ávarp forsætisráðherra, Steingríms Hermannssonar. (Samtengt útsendingu Sjónvarpsins.)
- 20.20 Stjörnuljós. Dagskrárgerðarmenn rásar 2 reyna að kveikja í.
- 23.35 Kveðja frá Ríkisútvarpinu. (Samtengt útsendingu Sjónvarpsins.)
- 0.05 Bombur, sólar og púðurkerlingar. Óskar Páll Sveinsson sér um stanslaust fjór til morguns. Fréttir kl. 4.00 og sagðar fréttir af veðri, færð og flugsamgöngum kl. 5.00 og 6.00. Veðurfreginir frá Veðurstofu kl. 4.30. Fréttir kl. 2.00, 4.00, 7.00, 8.00, 9.00, 10.00, 12.20, 16.00 og 19.00.
- 9.00 Síðasti morgunn ársins. Tónlist og fréttir. Stjórnufréttir klukkan 10 og 12.
- 13.00 Að lokum þetta... Dagskrárgerðarmenn og fréttamenn Stjórnunnar rífa upp óvenjulega



Laugardagur 31. desember - gamlársgdagur

- og skemmtilega atburði og leika tónlistina sem naut mestra vinsælda á árinu.
- 18.00 Stanslaust stuð. Bein útsending í tvö ár, fjór fram eftir nóttu og tekið á móti kveðjum og óskalögum í síma 681900.



- 10.00 Valdis Gunnarsdóttir. Hressileg tónlist á síðasta morgni ársins.
- 14.00 Kristofer Helgason. Lokaspjetturinn nálgast. Hressileg tónlist í árslok.
- 18.00 Freymóður T. Sigurðsson.
- 24.00 Bylgjan fagnar nýju ári (1)989.



- 10.00 Ólafur Hrafnsson.
- 13.00 Lokapoppmessi ársins 1988.
- 16.00 Múrverk. Kristján Freyr Kiesel.
- 19.00 Halldór Carlsson með annála '88.
- 21.00 Sveinn Ólafsson með fleiri annála.
- 24.00 Næturvakt. Baldur Bragason ríður á vaðið.



- 14.00 Síðasti dagur ársins. Ágúst Magnússon sér um sinn síðasta þátt á árinu. Í þættinum verður spilið jólatónlist og fleira til að stytta tímann fram að áramótum.
- 16.00 Blandaður tónlistarþáttur með lestri orðsins.
- 18.00 Vinsældaval Alfa. Endurtekið frá miðvikudagskvöldi.
- 20.00 Alfa með erindi til þín. Margvíslegir tónar sem flytja blessunarrik-an boðskap.
- 24.00 Dagskrárlok.



- 10.00 Kjartan Pálmarsson með góða morguntónlist.
- 13.00 Lillegur laugardagur. Kjartan Pálmarsson í laugardagskapi og leikur tónlist sem á vel við.
- 15.00 Íþróttir á laugardegi. Einar Brynjólfsson segir frá íþróttavíburðum helgarnar og leikur tónlist.
- 17.00 Vinsældalisti Hljóðbylgjunnar í umsjá Andra og Axels. Leikin verða 25 vinsælustu lög vikunnar. Þeir kynna einnig lög líkleg til vinsælda.
- 19.00 Ókynnt helgartónlist.
- 20.00 Þráinn Brjánsson á létum nóttum með hlustendum.
- 24.00 Næturvaktin. Óskalögin leikin og kveðjum komið til skila.
- 4.00 Dagskrárlok.



- 9.00 Jóhannes K. Kristjánsson á laugardagsmorgni. Jóhannes kemur fólk réttu megin fram úr og spilar réttu tónlistina.
- 13.00 Marínó V. Marínósson, þessi eini sanni. Marínó fer m.a. yfir helstu íþróttaslikt vikunnar og færir hlustendum glóðvolgar fréttir úr ensku knattspyrnunni.
- 16.00 Linda Mjöll Gunnarsdóttir spilar laugardagsstónlist eins og hún á að vera. Óskalagasíminn er 625511.
- 19.00 Ókynnt kvöldmatartónlist.
- 20.00 Snorri Sturluson á laugardagskveldi. Stuðtónlist af bestu gerð. Laugardagskvöld á Hljóðbylgjunni er gott laugardagskvöld. Síminn er 625511.
- 24.00 Næturvakt Hljóðbylgjunnar. Kveðjur, óskalög, tónlist við allra hæfi. Í stuttu máli, næturvakt eins og hún á að vera.
- 4.00 Dagskrárlok.



- 12.00 FB.
- 14.00 MS. Þorgerður Agla Magnúsdóttir og Ása Haraldsdóttir.
- 16.00 FÁ. Þú, ég og hann í umsjá Jóns, Jóhanns og Páls.
- 18.00 IR. Friðrik Kingo Anderson.
- 20.00 MH.
- 22.00 FG. Jóhann Jóhannsson.
- 24.00-04.00 Næturvakt í umsjá Fjölbrotaskólans í Ármúla.



Kanaðsku fjöllistamennirnir eiga fáa sína líka í heimi.

Stöð 2 kl. 21.55: Fjölleikasýning

Kanaðskí fjölleikaflokkurinn hefur notið mikillar hylli allt frá stofnun 1984. Í þessum sirkus er lítil áhersla lögð á listir dýra eins og í flestum öðrum heldur er það mannfólk-ið sem sýnir helstu kúnstirnar. Flestir fjöllistamennirnir eru kanaðskir en nokkrir koma annars staðar frá. Frakkar, Bandaríkjamenn, Svisslendingar, Argentínumenn, Ítalir, Pólverjar og Mexíkanar gefa flokknum alþjóðlegt yfirbragð og auka á fjölbreyttnina. Leikur flokksins er bæði hefðbundinn og nýstárlegur í senn. Hann hefur farið í sýningarferðalög víða um heim og hvarvetna hlotið frábærar viðtökur. Gagnrýnendur hafa talið sýninguna einstaka upplifun sem seint gleymist. -JJ

Sjónvarp kl. 15.00: Arsenal - Aston Villa

Knattspyrnuáhugamenn geta hitað sig upp fyrir kvöldið því sýnt verður beint frá leik Arsenal og Aston Villa. Keppni í ensku deildinni er nú nálægt því hálfnuð og er Arsenal í öðru sæti í baráttu við lið Norwich sem er efst. Úrslit eru engan veginn ráðin enn og margt gerist í hverjum leik. Aston Villa er í miðri deildinni en í því liði er sá maður sem flest mörk hefur skorað í deildinni. Sá heitir Alan McNally og hefur skorað níttján mörk. Nafni hans Smith í Arsenal er annar markahæstur og má búast við að báðir verði á skotskónum í þessum leik. -JJ

Stöð 2 kl. 21.00: Spéspegill

Á nýju ári lætur Ronald Reagan af embætti Bandaríkjaforseta eftir átta ára stjórnartíð. Ferill Reagans hefur verið æði litríkur frá því að hann kom fyrst fyrir sjónir almennings sem leikari í B-myndum. Síðar varð hann ríkisstjóri í Kaliforníu í nokkur ár og að lokum valdamesti maður heimsins. Reagan hefur áður verið sýndur í spéspegli í fyrri þáttum en þá með öðrum atriðum. Þessi þáttur af Spéspegli (Spitting Image) er að þessu sinni eingöngu helgaður Ronald Reagan og forsetatíð hans. Engin loðmolla hefur verið í kringum þennan fyrrum leikara á forsetastóli og af nógu er að taka til að hæðast að verkum Reagans og samstarfsmanna hans. -JJ

Sjónvarp kl. 0.15: Leikhúsbraskararnir

Áramótamynd Sjónvarps er klassísk gamanmynd af betri gerðinni en Mel Brooks er bæði leikstjóri og höfundur handrits. Sagan segir frá leikhússtjóra sem muna má tímana tvenna. Áður átti hann þátt í hverri metuppfærslunni á fætur annarri og sum árin voru þær ekki færri en sex. Þegar hér er komið sögu falla allar sýningarnar og er hann nú konungur mistakanna. Hæglátur endurskoðandi tekur að sér að yfirfara bók-hald leikhússins. Fyrir tilviljun kemst hann að því að mögulegt er að græða vel á sýningu sem fellur strax. Þeir félagarnir taka höndum saman og ákveða að setja upp sýningu sem fyrirfram er dauðadæmd. Til þess þarf vonlaust handrit og hörmulega leikara. Þeim tekst að finna handrit og leikara sem falla að hugmyndinni. En margt fer öðruvísi en ætlað er því sýningin hlýtur frábærar viðtökur með slæmum afleiðingum fyrir þá féлага. -JJ



Zero Mostel tulkar leikhússtjórnann með miklum tilþrifum.